



## Hugmyndir hagsmunaaðila um algengustu landbúnaðarvistfræðilegu aðferðirnar sem notaðar eru við illgresiseyðingu á norðurslóðum (Ísland)

### VIÐFANGSEFNI

Hvaða aðferðir eru árangursríkastar við illgresiseyðingu í akuryrkju á norðurslóðum?

### ÁLIT HAGSMUNAAÐILA

Skiptiræktun (86%) og jarðvinnsla (75%) eru algengustu landbúnaðarvistfræðilegu aðferðirnar sem bændur nota. Yfir 40% nota einnig þéttari útplöntun og gæðafræ/útsæði. Allir bændurnir höfðu heyrt um jarðvegsdúka og illgresisbruna en höfðu þó ekki prófað þær aðferðir. Aðeins 17% bændanna þekktu til illgresiskorta, 75% höfðu heyrt um að reyta illgresi með höndunum og 62% um þekjurtir (cover crop) og þekjuefni (mulch). Aðrir hagsmunaaðilar í landbúnaði og garðyrkju þekktu einnig flestir til skiptiræktunar, þekjurturta, jarðvinnslu á milli raða eða rása og samplöntunar (e. intercropping). Hins vegar höfðu aðeins 22% heyrt um illgresiskort. Flestir (78%) þekktu til sláttar, beitar og jarðvegsdúka og 67% könnuðust við sérstaka dagsetningu sáningar, gæðafræ/útsæði og þéttari sáningu/útplöntun. Á vinnustofu var rætt um skiptiræktun og að sáðskipti milli korntegunda og grass væru nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu illgresis og til að bæta næringarefnabúskap jarðvegs. Einnig kom fram að jarðvinnsla getur verið áhrifarík aðferð en hvaða tæki henta best er mismunandi eftir jarðvegsgerðum. Áhugi er á nákvæmnisbúskap, notkun róbóta og skjólsáningu en rysjótt veðurfar getur valdið erfiðleikum.



Mynd 1: Kartöflugarður með miklu illgresisálagi. Helstu illgresistegundirnar eru haugarfi og blóðarfi. Einnig er nokkuð um bygg plöntur en bygg var ræktað í sömu spildu árið áður.





## RÁÐLEGGINGAR

Skiptiræktun ætti áfram að vera undirstaðan í aðgerðum gegn illgresi í ræktun á korni og kartöflum. Prófanir á mismunandi tegundum áburðar, þéttleika sáningar og hreykingu geta hugsanlega stuðlað að bættri illgresiseyðingu. Til þess að minnka notkun illgresiseyða ætti að kanna möguleikana sem felast í nákvæmnisbúskap og notkun róbóta við illgresiseyðingu.

### LYKILORÐ

skiptiræktun, jarðvinnsla, ástand jarðvegs

### HÖFUNDURI

**Sigrún Dögg Eddudóttir**, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), Akureyri, Ísland

